



## Fundargerð

### 493. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 7. júní 2023, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jenson, Karl Antonsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

#### Fundargerðir til samþykktar

1. 2306001F - Skipulagsnefnd - 185

1.1 2211020 - Tunga - Umsókn um skipulagsmál - breyting á deiliskipulagi

#### Niðurstaða Skipulagsnefnd - 185

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungu fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.*

2. 2306007 - 182. fundur fræðslunefndar

Lögð er fram fundargerð 182. fundar, fræðslunefndar Skaftárhrepps frá 5. júní 2023.

*Sveitarstjórn tekur til sérstakrar afgreiðslu liði 1, 2 og 6 í fundargerð fræðslunefndar.*

*Liður 1: Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða, skóladagatal leikskóla 2023-2024 með áföllnum breytingum.*

*Liður 2: Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða, skóladagatal grunnskóla 2023-2024 með áföllnum breytingum.*

*Liður 6: Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða, staðsetningu á körfuboltavelli og felur sveitarstjóra að auglýsa örútboð á framkvæmdinni.*

BWS  
J.G. Ab.  
Sni GRS



3. 2306012 - Íþróttá- og tómstundanefnd  
Lögð fram fundargerð 84. fundar íþróttá- og tómstundanefndar Skaftárhrepps, frá 23. maí 2023.  
*Sveitarstjórn tekur til sérstakrar afgreiðslu lið 2 í fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar.*  
*Liður 2: Sveitarstjórn staðfestir samhljóða, ákvörðun íþróttá- og tómstundanefndar.*

#### **Fundargerðir til kynningar**

4. 2306013 - Byggingarnefnd um gróðurskála Klausturhóla  
Lögð fram fundargerð 2. fundar byggingarnefndar um gróðurskála, Klausturhóla frá 23. maí 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
5. 2306016 - Skiptastjórn Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu  
Lögð fram fundargerð skiptastjórnar Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu, frá 7. mars 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
6. 2306017 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu  
Lögð fram fundargerð 73. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu, frá 22. maí 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
7. 2306018 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu  
Lögð fram fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu, frá 22. maí 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
8. 2306024 - Katla jarðvangur ses  
Lögð fram fundargerð 67. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs ses, frá 24. febrúar 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*

BHS  
25. AL  
Sni.  
GPS



9. 2306025 - Katla jarðvangur ses  
Lögð fram fundargerð 68. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs ses, frá 9. mars 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
  
10. 2306026 - Katla jarðvangur ses  
Lögð fram fundargerð 69. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs ses, frá 10. maí 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
  
11. 2306020 - Bergrisinn bs.  
Lögð fram fundargerð 55. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 18. apríl 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
  
12. 2306010 - Bergrisinn bs.  
Lögð fram fundargerð 56. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 15. maí 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*
  
13. 2306011 - Bergrisinn bs.  
Lögð fram fundargerð 57. stjórnarfundar Bergrisans bs., frá 19. maí 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*  
*Sveitarstjórn fagnar þeirri ákvörðun stjórnar Bergrisans bs. að leggja það til við Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs að Skaftárhreppur fái greiddar 3.104.000 kr. til að bæta aðgengi fatlaðra, með því að koma fyrir rafmagnsstýrðum hurðum og lyftu við inngang á skrifstofu.*
  
14. 2306019 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)  
Lögð fram fundargerð 595. fundar stjórnar SASS, frá 5. maí 2023.  
*Lagt fram til kynningar.*

BHS  
Al-05-  
Shi  
GHS



## Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

15. 2306014 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Erindi, dagsett 24. maí 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Systravatns ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-D gistiskáli. Staðsetning gististaðarins er Hæðargarður K 1B lóð.  
*Sveitarstjórn samþykkir, samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
16. 2306015 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Erindi, dagsett 25. maí 2023, vegna umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Systravatns ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-D gistiskáli. Staðsetning gististaðarins er Hæðargarður G 1A.  
*Sveitarstjórn samþykkir, samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
17. 2306009 - Trúnaðarmál  
*Afgreiðsla málsins færð í trúnaðarbók Skaftárhrepps.*

## Mál til kynningar

18. 2306021 - Félags- og vinnumarkaðsráðherra  
Lagt fram bréf frá félags- og vinnumarkaðsráðherra, dagsett, 19. maí 2023, vegna opins samráðsfundar, þann 26. júní nk. kl. 17.00 á Hótel Selfossi.  
Lagt fram til kynningar.
19. 2306022 - Skógræktarfélag Íslands  
Lagt fram bréf frá stjórn Skógræktarfélags Íslands, dagsett 22. maí 2023, þar sem rangfærslum um skógrækt er mótmælt.  
*Lagt fram til kynningar.*
20. 2306023 - Samtök orkusveitarfélaga  
Lögð fram umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um skýrsluna Vindorka valkostir og greining.  
*Lagt fram til kynningar.*

BHS  
Al. J. G.  
Shi  
GSS



## Skýrsla sveitarstjóra

21. 2303035 - Skýrsla sveitarstjóra 493. fundur

Sveitarstjóri gerir grein fyrir störfum sínum.

*Sveitarstjóri lagði fram drög að reglum um ferðaþjónusta fatlaðra og aldraðra í Skaftárhreppi.*


*Sveitarstjóri lagði fram drög að reglum um úthlutun á leiguhúsnæði í eigu Skaftárhrepps (aðrar en félagslegar íbúðir)*

*Sveitarstjóri lagði fram drög að svári við breytingu á reglugerð um Náttúruhamfaratryggingar Íslands.*

*Sveitarstjóri greindi jafnframt frá því að búið væri að kaupa bifreið fyrir sveitarfélagið, sem tæki þrjá hjólastóla og fimm farþega að auki.*

*Ennfremur greindi sveitarstjóri frá öðrum störfum sínum*


Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 15.09.

  
Jóhannes Gissurarson

  
Björn Helgi Snorrason

  
Gunnar Pétur Sigmársson

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Sveinn Hreiðar Jensson